



**Tegund eignar :** Þakíbúð -  
Penthouse

**Bæjarfélag / Hverfi :**  
Villamartin

**Izona :** Costa Blanca Sur

**Svefnherbergi :** 2

**Baðherbergi :** 2

**Byggingarár :** 2024

**Sundlaug :** Í sameign

**Garður :** Í sameign

**Eignin snýr :** til suðurs

**Útsýni :** Yfir sundlaugarsvæði  
og garð

**Bílastæði :** Bílastæðakjallari

**Fermetra stærð  
eignar :** 74,27 m<sup>2</sup>

**Stærð verandar :** 8,35 m<sup>2</sup>

**Stærð þaksvala :** 65,26 m<sup>2</sup>

**Flugvöllur :** 40

**Strönd :** 8

**Borg :** 10

**Golf :** 5

✓ Geymsla

✓ Öryggiskerfi

✓ Verönd

✓ Þaksvalir

✓ Innbyggð loftkæling

Mjög falleg og vandlega hönnuð íbúð með stórum þaksvölum í rólegu hverfi í Villamartín.

Íbúðin er með 2 svefnherbergjum og 2 baðherbergjum og er hún útbúin snjallkerfi þar sem ljósum, glugga hlerum og þjófavörn er hægt að stjórna frá símanum. Einnig fylgir íbúðinni mjög stórar þaksvalir, bílastæði í bílakjallara, geymsla og aðgangur að sameiginlegum garði með sundlaug.

Skammt er á 18 holu golfvöllinn Villamartin, þar sem njóta má óviðjafnanlegs útsýnis hvort sem er við að iðka golf íþróttina eða tylla sér á fallegan útsýnisbar og njóta þess að hlusta á fagurlitaða páfagaukana kvaka allan ársins hring. Fyrir náttúru unnendur er jafnframt vinsælt að labba eða hjóla eftir vatnssíkinu "el canal" sem liggur skammt frá, en þar er að finna mikið fuglalíf og hægt að fara í skemmtilegar göngu- eða hjólaferðir meðfram skurðinum til nærliggjandi bæja, án þess að fara út á götu og alltaf umlukin fallegri náttúru, en jafnframt er stutt að fara til annara hverfa, hvort sem er á tveimur jafnfljótum, eða á farartæki s.s. í hverfið Los Altos, La Florida og Playa Flamenca. En það má segja að ekki sé meira en 10 mín létt labb til allra þessara hverfa.

Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m<sup>2</sup> verslunarhúsnæði, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torrevieja spítala sem er í 10 mínútna ökuferlæggð að heiman. Og fyrir sólarunnendur þá ertu í einungis nokkurra mínútna ökuferlæggð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.

Endilega hafðu samband til að fá meiri upplýsingar um þessa glæsilegu eign!